

FUNDARGERÐ 519. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 8. september 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Ragnhildur Jónsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Valdimar Víðisson sækir fund með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Fundaáætlun stjórnar

Stjórn ræðir fundaáætlun stjórnar.

2. Kostnaður vegna flokkunar drykkjarferna

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir kostnaði við flokkun og sérhæfða endurvinnslu á blönduðum pappír, og ávinningi af flokkun og sérhæfðri endurvinnslu.

Umræður og afgreiðslu málsins frestað.

3. Árshlutauppgjör SORPU bs. – endurskoðað sex mánaða uppgjör lagt fram til samþykktar

Fjármálastjóri gerir grein fyrir endurskoðuðu árshlutauppgjöri SORPU bs.

Stjórn samþykkir uppgjörið.

Árshlutauppgjörið fylgir fundargerð.

4. Breytingar á gjaldskrá endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um aukinn kostnað við rekstur endurvinnslustöðva SORPU á fyrstu sjö mánuðum ársins, sem er um 50 milljónir umfram tekjur. Helsta ástæða aukins kostnaðar er veruleg magnaukning umfram áætlun, og breytt samsetning úrgangs sem berst á endurvinnslustöðvarnar.

Stjórn samþykkir að hækka gjaldskrá endurvinnslustöðva um 10% þann 1. október nk. til að mæta auknum kostnaði, en gjaldskrá endurvinnslustöðva hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2024.

Minnisblað fylgir fundargerð.

Valdimar Víðisson vikur af fundi eftir afgreiðslu þessa liðar.

5. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 kynnt

Fjármálastóri gerir grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

6. Undirbúningsfélag um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á stofnun undirbúningsfélags um hátæknibrennslu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

7. Gatnagerðargjöld – Lambhagavegur

Fjármálastjóri gerir grein fyrir afstöðu Reykjavíkurborgar um álagningu gatnagerðargjalda á endurvinnslustöðina við Lambhagaveg.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

8. Málefni GAJU – samkomulag um lokaskil á framleiðslutækni

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir samkomulagi við Aikan um lokaskil á framleiðslutækni í GAJU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við Aikan á grundvelli samkomulagsins sem lagt er fram.

9. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið frá síðasta stjórnarfundum vegna fyrirhugaðrar lokunar endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Vinna er hafin við að leita leiða til að hanna endurvinnslustöð sem hentar lóð á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi.

10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Lokun móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir í Jafnaseli frá 1. september.

11. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 13. október klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:45.

1. janúar - 30. júní 2025

SORPA bs.

Árshlutareikningur

<

Köllunarklettsvegur 1
104 Reykjavík

Kt. 510588-1189

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	14

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SORPU bs.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð árshlutareiknings félagsins SORPU bs. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð endurskoðanda við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérþekkingu okkar á sviði reikningshalds og reikningsskila til að aðstoða fyrirtækið við að gera og leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum hlítt viðeigandi ákvæðum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, sem og bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem árshlutareikningurinn byggir á.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð árshlutareiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem árshlutareikningurinn byggir á. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 18. ágúst 2025

fh. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur og afkoma:

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samlagsins er meðhöndlun úrgangs. Fjöldi ársverka var 174.

Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður tímabilsins 203.290.393 kr. Hrein eign félagsins í lok tímabilsins nam 6.240.383.886 kr. Ráðstöfun á afkomu tímabilsins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í árshlutareikningnum.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir:

Gengið var frá sátt við ESA í lok árs 2024 um aðskilnað á efnahagslegri starfsemi frá lögbundinni starfsemi. Er vinnuhópur sem skipaður var til að vinna að tillögu um breytt skipulag SORPU í samræmi við sáttina búinn að ljúka störfum og skila tillögum til stjórnar. Verður sú tillaga lögð fram til eigenda SORPU til skoðunar og er síðan áætlað að vinna að breytingunum á árinu 2026. Sáttin gerir ráð fyrir að breytt skipulag SORPU taki gildi 1.1.2027.

Megináhersla SORPU á tímabilinu var að halda áfram umfangsmiklum breytingum á starfseminni með innleiðingu hringrásarhagkerfis og mæta þeim lagabreytingum sem tóku gildi 1. janúar 2023. SORPA einsetur sér að koma eins miklu af úrgangi úr urðun, auka endurnot, endurvinnslu og endurnýtingu. Mikil tækifæri liggja í aukinni verðmætasköpun úrgangs og það er áhersla SORPU að efna til samstarfs við aðila á markaði um nýsköpun og þróun.

Aukið samstarf við sorpsamlög á Suðvesturlandi í samræmi við svæðisáætlun kallar á nýja hugsun og verkefni, til að mynda hugmyndir um byggingu nýrrar hátæknibrennslu sem SORPA vinnur nú að ítarlegri hagkvæmiskoðun með Kölku.

Mikill árangur hefur náðst á skömmum tíma með að draga úr urðun. Útflutningur á blönduðum úrgangi, sérsöfnun og aukin flokkun, auk annarra aðgerða, hefur leitt til samdráttar í urðun um 90% og er markmiðið að viðhalda því hlutfalli á komandi árum.

Textíll er nú skilgreindur sem heimilisérgangur samkvæmt nýjum lögum og þetta kallar á breytingar og fjárfestingar. Nýir gámar, móttaka og ráðstöfun með þennan úrgang hefur verið sett af stað. Hefur þessu verkefni fylgt miklar áskoranir vegna kostnaðar og mikils magns á Íslandi og Evrópu sem hefur áhrif á mögulegar afsetningarleiðir. Mikilvægt er að ríkisvaldi setji úrvinnslugjald á textíl til að mæta þessum mikla kostnaði.

Árið 2024 er fyrsta heila árið sem SORPA urðar hvorki lífrænt efni né bagga með blönduðum úrgangi í Álfsnesi, í takt við viðauka við eigendasamkomulag SORPU frá nóvember 2023. Viðaukinn markar tímamót í starfsemi SORPU sem hefur frá stofnun haft rekstur urðunarstaðar sem hluta af kjarnastarfsemi sinni. Með því að hætta urðun lífræns úrgangs gerir SORPA ráð fyrir að mikið dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi samlagsins á næstu 10-15 árum.

Sérsöfnun á matarleifum hefur breytt forsendum í starfsemi GAJA og nú hafa markmið með að framleiða vottaða og nothæfa moltu náðst.

Megináhætta og óvissupættir:

Stefna stjórnvalda hefur bein áhrif á rekstur SORPU. Unnið er að því að auka fyrirsjáanleiki á breytingum til þess að SORPA geti brugðist betur við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs. Slíkum breytingum fylgir gjarnan aukinn kostnaður hjá samlaginu og auknar fjárfestingar.

Samlagið hætti allri urðun á blönduðum úrgangi í Álfsnesi og hóf útflutning á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu í lok árs 2023. Að senda úrgang í brennslu er kostnaðarsamari vinnsluferill heldur en að urða og hefur gjaldskrá samlagsins tekið breytingum í samræmi við aukinn kostnað. Þá er gengisáhætta til staðar og óvissa um verð frá móttökuaðilum og hugsanlega skattar og lagabreytingar í Evrópu er snúa að innflutningi á úrgangi.

Fjármögnun og vaxtastig:

Vextir hafa haldist háir síðustu misseri og hefur það áhrif á rekstur SORPU. Samlagið er einungis fjármagnað með lánum í íslenskum krónum og því er gengisáhætta ekki til staðar hvað fjármögnun varðar en allur útflutningur SORPU á brennalegu sorpi til greiddur í Evrum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra:

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. er árshlutareikningur félagsins í samræmi við reikningsskilastaðla. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok tímabilsins og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsir helstu áhættupáttum og óvissu sem félagið býr við.

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavík	56,1%	1.058.586.001
Kópavogur	16,1%	303.800.973
Hafnarfjörður	12,6%	237.757.284
Garðabær	7,8%	147.183.080
Mosfellsbær	5,5%	103.782.941
Seltjarnarnes	1,9%	35.852.289
	100,0%	1.886.962.568

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning samlagsins fyrir tímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. ágúst 2025

Framkvæmdastjóri:

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2025

		1/1 - 30/06 2025	1/1 - 30/06 2024	1/1 - 31/12 2024
Rekstrartekjur				
Þjónustutekjur		3.703.097.146	3.794.941.440	7.690.477.715
Aðrar tekjur		56.314.068	62.110.664	87.495.591
		<u>3.759.411.214</u>	<u>3.857.052.104</u>	<u>7.777.973.306</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	4	1.334.699.366	1.147.736.361	2.484.082.811
Rekstrarkostnaður		1.839.723.534	2.175.357.723	4.144.735.159
Afskriftir	5	224.341.313	206.449.185	657.678.518
		<u>3.398.764.213</u>	<u>3.529.543.269</u>	<u>7.286.496.488</u>
Rekstrarhagnaður		360.647.001	327.508.835	491.476.818
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		1.772.603	9.085.853	13.282.509
Vaxtagjöld		(104.885.624)	(123.326.726)	(242.378.607)
Gengismunur		(1.956.121)	(3.086.445)	(2.011.143)
Áhrif dótturfélaga	6	(52.287.466)	989.867	2.176.189
		<u>(157.356.608)</u>	<u>(116.337.451)</u>	<u>(228.931.052)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>203.290.393</u>	<u>211.171.384</u>	<u>262.545.766</u>

Efnahagsreikningur

		1/1 - 30/06	1/1 - 30/06	1/1 - 31/12
Eignir				
	<i>Skýr.</i>	2025	2024	2024
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Fasteignir		6.376.153.109	6.443.103.884	6.309.948.262
Áhöld og tæki		1.805.150.619	1.693.767.518	1.503.084.698
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	5	8.181.303.728	8.136.871.402	7.813.032.960
Áhættufjármunir og langtímakröfur				
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	220.455.826	29.941.561	272.743.292
Bundnar bankainnstæður		163.008.670	157.641.854	159.013.224
Áhættufjárm. og langtímakr. samtals		383.464.496	187.583.415	431.756.516
Fastafjármunir samtals		8.564.768.224	8.324.454.817	8.244.789.476
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur	2,8	435.926.106	468.032.513	337.664.803
Kröfur á tengda aðila	7	586.968.416	383.234.622	414.568.990
Aðrar skammtímakröfur		0	106.863	612.725
Handbært fé	2	621.724.587	557.963.739	508.650.736
Veltufjármunir samtals		1.644.619.109	1.409.337.737	1.261.497.254
Eignir samtals		10.209.387.333	9.733.792.554	9.506.286.730

30. júní 2025

		1/1 - 30/06	1/1 - 30/06	1/1 - 31/12
Eigið fé og skuldir				
	Skýr.	2025	2024	2024
Eigið fé				
Stofnfé		1.886.962.568	1.886.962.568	1.886.962.568
Óráðstafað eigið fé		4.353.421.318	4.098.756.543	4.150.130.925
Eigið fé samtals	9	6.240.383.886	5.985.719.111	6.037.093.493
Skuldir				
Skuldbindingar				
Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarst.		168.648.356	157.962.858	161.931.187
Skuldb. vegna endurvinnslustöðva		318.055.848	332.607.071	325.039.104
Skuldbindingar samtals	11	486.704.204	490.569.929	486.970.291
Langtímalán				
Skuldir við lánastofnanir	10	2.280.507.499	1.985.475.381	1.924.941.993
Langtímalán samtals		2.280.507.499	1.985.475.381	1.924.941.993
Langtímaskuldir samtals		2.767.211.703	2.476.045.310	2.411.912.284
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	2	513.376.572	529.080.413	454.628.871
Skuldir við tengda aðila	7	77.746.700	162.611.456	27.945.802
Ýmsar skammtímaskuldir		363.365.681	372.143.625	359.430.180
Næsta árs afb. langtímaskulda	10	247.302.791	208.192.639	215.276.100
Skammtímaskuldir samtals		1.201.791.744	1.272.028.133	1.057.280.953
Skuldir samtals		3.969.003.447	3.748.073.443	3.469.193.237
Eigið fé og skuldir samtals		10.209.387.333	9.733.792.554	9.506.286.730

Sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2025

	1/1 - 30/06	1/1 - 30/06	1/1 - 31/12
Handbært fé frá rekstri	Skýr. 2025	2024	2024
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	203.290.393	211.171.384	262.545.766
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfj.	224.341.313	206.449.185	657.678.518
Tap (hagn) af sölu á varanl. rekstrarfj.	(1.492.803)	0	(157.333)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	52.287.466	(989.867)	(2.176.189)
Verðbætur og gengismunur	26.430.990	40.841.526	103.873.075
Hreint veltufé frá rekstri	504.857.359	457.472.228	1.021.763.837
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á rekstrart. kröfum	(270.048.004)	131.120.874	229.648.353
Hækkun (lækkun) á rekstrart. skuldum	112.484.100	(88.483.336)	(310.313.977)
Handbært fé frá rekstri	347.293.455	500.109.766	941.098.213
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar	(614.259.490)	(134.165.386)	(512.413.610)
Söluverð fastafjármuna	16.156.956	0	1.831.290
Breyting bundinna innstæða	(3.995.446)	(10.944.720)	(12.316.090)
Fjárfestingarhreyfingar	(602.097.980)	(145.110.106)	(522.898.410)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða	6.717.169	57.022.600	9.670.589
Ný langtímalán	1.128.819.600		41.000.000
Greiddar afborganir langtímalána	(767.658.393)	(110.487.713)	(267.969.189)
Br. á skuldb. endurvinnslustöðva	0	10.019.015	10.019.016
Fjármögnunarhreyfingar	367.878.376	(285.274.969)	(207.279.584)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	113.073.851	260.233.222	210.920.219
Handbært fé í ársbyrjun	508.650.736	297.730.517	297.730.517
Handbært fé í árslok	621.724.587	557.963.739	508.650.736

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SORPA er byggðasamlag og er megin starfsemi félagsins fólgin í meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Lögheimili samlagsins er að Köllunarklettsvegur 1, 104 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á árinu. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Seldar vörur

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Styrkir

Styrkir eru færðir til lækkunar á kostnaði.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samlagsins er skipt í eftirfarandi fjóra starfspætti:

	Gufunes	Álfsnes	Endurvinnslu- stöðvar og grenndargámar	Góði Hirðirinn	Samtals
Tekjur	2.589.915.740	872.943.255	1.437.625.628	334.024.218	5.234.508.841
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(1.475.097.627)
Samtals	2.589.915.740	872.943.255	1.437.625.628	334.024.218	3.759.411.214
Laun og launat. gjöld .	595.879.957	376.466.617	164.997.772	197.355.020	1.334.699.366
Rekstrarkostnaður	1.757.855.446	152.077.391	1.272.569.879	132.318.445	3.314.821.161
Afskriftir	110.088.688	109.929.235	0	4.323.390	224.341.313
Fjármagnsliðir	(41.132.057)	93.828.393	57.977	27.363	52.781.676
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(1.475.097.627)
Samtals	2.422.692.034	732.301.636	1.437.625.628	334.024.218	3.451.545.889
Hagnaður (tap) ársins	167.223.706	140.641.619	0	0	307.865.325

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2025_6	2024
Laun	1.097.113.890	2.053.844.540
Lífeyrissjóður	140.813.905	251.567.462
Önnur launatengd gjöld	96.771.571	178.670.809
Laun og launatengd gjöld alls	1.334.699.366	2.484.082.811

Fjöldi ársverka á tímabilinu var 174 miðað við 162 á sama á árinu á undan.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 30,3 mkr á tímabilinu, en um 26,8 mkr á sama tímabili árið á undan.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmum ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers tímabils.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	8.056.481.569	3.010.930.139	11.067.411.708
Afskrifað alls 1/1	(1.746.533.308)	(1.507.845.440)	(3.254.378.748)
Viðbót á tímabilinu	161.799.577	452.459.913	614.259.490
Afskrifað á tímabilinu	(95.594.729)	(135.729.840)	(231.324.569)
Selt og niðurlagt	0	(14.664.153)	(14.664.153)
Bókfært verð 30/6	6.376.153.109	1.805.150.619	8.181.303.728
Stofnverð alls 30/6	8.218.281.146	3.448.725.899	11.667.007.045
Afskrifað alls 30/6	(1.842.128.037)	(1.643.575.280)	(3.485.703.317)
Bókfært verð 30/6	6.376.153.109	1.805.150.619	8.181.303.728
Afskriftarhlutföll	2-20%	10-20%	

Afskriftir færast eftirfarandi:

Í rekstur	224.341.313
Til lækunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva	6.983.256
	231.324.569

Skýringar

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Gufunes, móttökustöð	2.172.750.000	2.479.750.000	860.327.399
Gas og jarðgerðarstöðin Álfsnesi	3.730.500.000	0	5.053.449.353
Endurvinnslustöðvar	331.080.000	223.230.000	462.376.357
	<u>6.234.330.000</u>	<u>2.702.980.000</u>	<u>6.376.153.109</u>

Vátryggingarverð véla, tækja og áhalda samlagsins nam 10.097 mkr í lok tímabilsins.

6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Hlutdeildarfélag eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því. Eignarhlutir félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага í rekstrarreikning.

	%	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík	100,00%	101.000.000	325.030.758
			<u>325.030.758</u>

7. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	2025_6	2025_6	2025_6	2025_6
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	2.005.018.400	224.690.581	108.979.234	529.978.861
Óuppgert v/endurvinnslust....			(2.314.215)	
Óuppgert v/grenndargáma....			(29.128.319)	
Metan dótturf. SORPU.....	127.546.646	782.706	210.000	56.989.555
	<u>2.132.565.046</u>	<u>225.473.287</u>	<u>77.746.700</u>	<u>586.968.416</u>
	2024_6	2024_6	2024_6	2024_6
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	1.772.537.961	95.585.079	7.213.561	297.101.529
Óuppgert v/endurvinnslust....			423.944.109	
Óuppgert v/grenndargáma....			(2.419.150)	
Metan dótturf. SORPU.....	4.852.278	3.790.208	533.832	943.078
	<u>1.777.390.239</u>	<u>99.375.287</u>	<u>429.272.352</u>	<u>298.044.607</u>

Skýringar

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfurkröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 7,7 mkr. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 0,3 mkr. vegna tapaðra krafna og breytinga á niðurfærslu. Breytingin greinist þannig:

	2025_6	2024
Afskriftareikningur 1/1	7.688.160	2.607.345
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu	266.597	4.795.019
Framlag tímabilsins í afskriftareikning	(266.597)	285.796
Afskriftareikningur 31/12	7.688.160	7.688.160

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	1.886.962.568	4.150.130.925	6.037.093.493
Hagnaður ársins		203.290.393	203.290.393
Eigið fé 31/12	1.886.962.568	4.353.421.318	6.240.383.886

10. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	2025_6	2024
Lánasjóður sveitarfélaga NVT 3,91-4,10%	2.408.658.220	1.466.042.730
Íslandsbanki ÓVTR, 11,53%	0	633.333.337
Eignaleigur ÓVTR 9,70%	119.152.070	40.842.026
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	2.527.810.290	2.140.218.093
Næsta árs afborganir	(247.302.791)	(215.276.100)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	2.280.507.499	1.924.941.993

Langtímaskuldir greinast þannig:

	2025_6	2024
Skuldir vegna byggðasamlagsins	2.527.810.290	2.140.218.093
	2.527.810.290	2.140.218.093

Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir júl 25 - Jún 26	247.302.791	215.276.100
Afborganir júl 26 - Jún 27	247.302.791	216.350.592
Afborganir júl 27 - Jún 28	247.302.791	217.157.260
Afborganir júl 28 - Jún 29	244.003.642	218.054.602
Afborganir júl 29 - Jún 30	225.350.354	212.844.208
Afborganir síðar	1.316.547.921	1.060.535.331
	<u>2.527.810.290</u>	<u>2.140.218.093</u>

11. Skuldbindingar

Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 6,7 mkr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 168,6 mkr.

Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

	2025_6	2024
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	325.039.104	340.750.293
Krafa á sveitarf., v/langtímal. endurvinnslust., í ársbyrjun	0	(10.019.016)
Afskrift á tímabilinu	(6.983.256)	(15.711.189)
Vextir og uppreikningur langtímalána	0	10.019.016
Samtals	<u>318.055.848</u>	<u>325.039.104</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

	2025_6	2024
Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	318.055.848	325.039.104
Samtals	<u>318.055.848</u>	<u>325.039.104</u>

Skuldbinding skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 30.06.2025

		2025_6	2024
Reykjavíkurborg	56,1%	178.429.331	182.985.358
Kópavogur	16,1%	51.206.992	51.850.721
Hafnarfjörður	12,6%	40.075.037	40.821.267
Garðabær	7,8%	24.808.356	25.744.169
Mosfellsbær	5,5%	17.493.072	17.720.355
Seltjarnarnes	1,9%	6.043.061	5.917.234
Samtals		<u>318.055.848</u>	<u>325.039.104</u>

Sundurliðanir

	6M 2025	6M 2024	2024
Rekstrartekjur			
Móttökutekjur.....	397.242.616	416.891.421	725.966.956
Endurvinnsluafurðir.....	1.552.947.306	1.934.223.703	3.900.798.215
Endurvinnslustöðvar.....	1.421.012.065	1.120.664.965	2.402.086.427
Nytjamarkaðir.....	331.895.159	323.161.351	661.626.117
Aðrar tekjur.....	56.314.068	62.110.664	87.495.591
	<u>3.759.411.214</u>	<u>3.857.052.104</u>	<u>7.777.973.306</u>

Rekstrargjöld

Annar starfmannakostnaður

Slysatryggingar.....	928.824	923.124	1.900.442
Fæðis- og kaffikostnaður.....	18.234.004	16.473.467	33.958.836
Vinnufatnaður.....	8.862.541	4.701.995	14.082.136
Menntun og námskostnaður.....	11.543.445	4.761.138	8.032.028
Annar starfsmannakostnaður.....	13.690.908	16.928.701	35.704.457
	<u>53.259.722</u>	<u>43.788.425</u>	<u>93.677.899</u>

Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs

Eyðingargjöld.....	551.338.528	536.044.096	1.041.807.155
Flutningur.....	293.460.935	358.057.485	640.073.588
Véla- og gámaleiga.....	117.582.034	265.564.146	526.925.137
Rekstrarvörur.....	35.343.375	41.852.522	136.964.968
Landleiga og urðunargjald.....	11.494.941	30.539.054	66.264.187
Tækniaðstoð.....	54.265.619	147.414.426	195.876.767
Viðhald véla og tækja.....	95.249.876	115.874.918	240.351.422
Tryggingar véla og tækja.....	1.273.131	404.174	1.374.899
Aðrar tryggingar vinnsla.....	0	56.304	75.078
Eftirlitsgjöld.....	939.807	8.751.372	12.978.266
	<u>1.160.948.246</u>	<u>1.504.558.497</u>	<u>2.862.691.467</u>

Rekstur húsnæðis

Húsaleiga.....	71.183.440	71.774.747	144.401.518
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	61.659.728	52.076.826	102.639.814
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	55.351.070	53.701.183	83.952.291
Fasteignagjöld og lóðarleiga.....	51.059.083	48.310.490	101.765.350
Annar húsnæðiskostnaður.....	21.098.730	15.464.220	32.904.853
Snjómokstur / hálkueyðing.....	3.186.368	6.519.178	10.544.454
Viðhald lóðar.....	23.056.058	33.696.145	56.955.324
	<u>286.594.477</u>	<u>281.542.789</u>	<u>533.163.604</u>

Sundurliðanir

	6M 2025	6M 2024	2024
Kynningarkostnaður			
Auglýsingar, framleiðsla og birtingar.....	37.320.174	50.809.026	99.845.147
Kynningar.....	12.820.312	0	16.616.054
	<u>50.140.486</u>	<u>50.809.026</u>	<u>116.461.201</u>
Rekstur fólksbifreiða			
Eldsneyti.....	4.766.549	2.801.824	6.527.704
Viðhald.....	6.749.415	3.998.049	9.593.516
Skattar og tryggingar.....	4.441.227	3.473.054	6.983.596
Annað.....	1.918.501	7.726	1.310.814
	<u>18.671.428</u>	<u>10.280.653</u>	<u>24.415.630</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Ferðakostnaður.....	(30.954.483)	11.042.662	23.865.067
Ritföng og prentun.....	1.642.278	6.840.037	8.084.338
Símakostnaður.....	4.747.686	6.230.912	12.950.403
Burðargjöld.....	184.216	179.778	352.682
Fundakostnaður.....	2.499.841	1.008.684	2.916.789
Bækur og tímarit.....	946.417	73.996	148.754
Rekstur tölvubúnaðar.....	97.616.987	108.349.441	214.208.445
Félags- og aðildargjöld.....	1.940.465	2.809.926	6.532.723
Þóknun til endurskoðenda.....	2.198.355	0	6.798.135
Lögfræðileg aðstoð.....	19.386.252	23.368.077	54.475.058
Aðkeypt þjónusta.....	111.566.998	60.616.640	120.488.806
Innheimtu- og önnur bankþjónusta.....	4.862.209	4.675.475	10.326.921
Vátryggingar.....	2.653.416	2.711.760	5.431.967
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	266.597	(210.931)	4.795.019
Annar kostnaður.....	50.551.941	56.681.876	42.950.251
	<u>270.109.175</u>	<u>284.378.333</u>	<u>514.325.358</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>1.839.723.534</u>	<u>2.175.357.723</u>	<u>4.144.735.159</u>

Fylgigögn með árshlutareikningi jan-jún 2025

Fimm ára yfirlit samlagsins

Rekstur	2025 6M	2024	2023	2022	2021
Rekstrartekjur.....	3.759.411	7.777.973	6.668.357	5.771.984	4.588.474
Rekstrargjöld.....	(3.174.423)	(6.628.818)	(5.895.470)	(4.463.247)	(3.797.829)
Hagnaður f. afskriftir.....	584.988	1.149.155	772.887	1.308.738	790.645
Afskriftir.....	(224.341)	(657.679)	(453.599)	(403.167)	(330.388)
Hagnaður f. fjárm. liði.....	360.647	491.477	319.288	905.570	460.257
Fjármagnsliðir.....	(157.357)	(228.931)	(228.464)	(218.219)	(129.317)
Hagnaður ársins.....	203.290	262.546	90.824	687.351	330.940

Efnahagur

Fastafjármunur.....	8.564.768	8.244.789	8.392.947	8.089.401	7.954.285
Veltufjármunir.....	1.644.619	1.261.497	1.280.225	1.506.672	1.028.421
Eignir samtals.....	10.209.387	9.506.287	9.673.173	9.596.073	8.982.706

Eigið fé.....	6.240.384	6.037.093	5.774.548	5.683.724	4.996.372
Skuldbindingar.....	486.704	486.970	482.992	461.606	443.978
Langtímaskuldir.....	2.280.507	1.924.942	2.033.316	2.135.541	2.240.139
Skammtímaskuldir.....	1.201.792	1.057.281	1.382.317	1.315.202	1.302.217
Eigið fé og skuldir samtals.....	10.209.387	9.506.287	9.673.173	9.596.073	8.982.706

Veltufjárhlutfall.....	1,37	1,19	0,93	1,15	0,79
Eiginfjárhlutfall.....	61,12%	63,51%	59,70%	59,23%	55,62%
Arðsemi eigin fjár.....	3,31%	4,45%	1,59%	12,87%	-3,61%
Skuldsetningarhlutfall.....	38,88%	36,49%	40,30%	40,77%	44,38%
Ársverk.....	174	162	150	130	113

Til: Jóns Viggós Gunnarssonar, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Frá: Gunnari Dofra Ólafssyni, sviðsstjóra þjónustu- og samskiptasviðs; Þórhalli Hákonarsyni fjármálastjóra

Efni: Kostnaður endurvinnslustöðva á fyrstu sjö mánuðum 2025

5. september 2025

Kostnaður endurvinnslustöðva á fyrstu sjö mánuðum 2025

Samantekt

- Kostnaður við rekstur endurvinnslustöðva er 50 milljónum yfir áætlun á fyrstu sjö mánuðum ársins
- Hærri kostnaður stafar af magnaukningu og breyttri samsetningu á úrgangi
- Ráðist verður í aðgerðir til að lágmarka framúrkeyrslu á árinu
- Stjórnendur telja mikilvægt að endurskoða gjaldtökukerfi endurvinnslustöðva til lengri tíma litið til að tryggja að notendur endurvinnslustöðva greiði raunkostnað

Minnisblað

Mikill meirihluti tekna endurvinnslustöðvar SORPU, eða um 76%, kemur frá sveitarfélögunum sex sem standa að SORPU. Aðrar tekjur eru helstar gjald í hliði, um 12%, og tekjur frá Endurvinnslunni, af sölu endurvinnsluefna og Úrvinnslusjóði, samtals um 11%.

Framlög frá eigendum eru áætluð fyrir komandi rekstrarár og taka ekki breytingum eftir því sem kostnaður við rekstur endurvinnslustöðvanna hækkar eða lækkar. Verði tekjur umfram kostnað við rekstur endurvinnslustöðvanna ár hvert er þeim tekjum skilað í réttum hlutföllum til sveitarfélaganna. Verði kostnaður meiri en tekjurnar þarf að upplýsa eigendur.

Á fyrstu sjö mánuðum ársins 2025 er kostnaður um 50 milljónir umfram tekjur endurvinnslustöðvanna. Þetta stafar fyrst og fremst af aukningu í magni sem skilað er á endurvinnslustöðvarnar, sem hækkar kostnað þeirra, auk þess sem samsetning þess úrgangs sem skilað er er ekki í samræmi við áætlanir þannig að aukning hefur orðið á dýrari úrgangsflokkum á borð við blandaðan og grófan úrgang.

Magnaukningin er um 7,7% umfram áætlun á meðan að kostnaður við eyðingargjöld 24,5% umfram áætlun, eða um 142 milljónir á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Aukin gjaldtaka í hliði hefur skilað 33% meiri tekjum en áætlað var, eða um 56 milljónum umfram áætlun.

Þessir liðir samanlagt hafa því skilað 86 milljónum meiri kostnaði á fyrstu sjö mánuðum ársins. Öðrum kostnaði hefur verið haldið niðri þannig að, eins og áður segir, að kostnaður umfram tekjur við rekstur endurvinnslustöðva er 50 milljónir umfram áætlun. Hugsanlega er um hliðrun í magni að ræða, og að fyrri hluti árs reynist dýrari en gert var ráð fyrir, og að seinni hluti ódýrari.

Með mótvægisáðgerðum, og að magnþróun verði í samræmi við áætlanir, gera stjórnendur ráð fyrir að árið endi í á bilinu 50 til 100 milljónum í tapi.

Tillögur til skemmri tíma

Stjórnendur leggja til eftirfarandi aðgerðir til að auka tekjur eða draga úr kostnaði endurvinnslustöðva.

- Hækkun hliðgjalda um 10% frá 1. október
 - Með þessari aðgerð er áætlað að tekjur endurvinnslustöðva af gjaldtöku í hliði aukist um 10 milljónir
 - Mjög lítill hluti ferða á endurvinnslustöðvar SORPU er gjaldskyldur, eða aðeins um 8%, og áhrif á mikinn meirihluta íbúa á höfuðborgarsvæðinu því óveruleg.
- Hægt á framkvæmdum og viðhaldi
 - Í áætlun var gert ráð fyrir 112,6 milljónum í kostnað við húsnæði, viðhald húsnæðis, lóða og verklegar framkvæmdir.
 - Búið er að nýta 38,2 milljónir. Til að draga úr framúrkeyrslu ársins verður öllum framkvæmdum sem snúa ekki beint að öryggi starfsmanna og/eða viðskiptavina frestað.
 - Öllum valkvæðum kostnaði verður haldið í lágmarki.

Tillögur til lengri tíma

SORPA hefur nýlega hafið söfnun ópersónugreinanlegra gagna til að greina samsetningu viðskiptavina út frá bílnúmerum. Tilefni þessa er vilji stjórnenda SORPU til að bjóða viðskiptavinum SORPU; íbúum á höfuðborgarsvæðinu, rekstraraðilum, og íbúum utan höfuðborgarsvæðisins, upp á gagnsærra og fyrirsjáanlegra gjaldtökukerfi.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að töluverður fjöldi rekstraraðila og íbúa utan höfuðborgarsvæðisins nýti sér þjónustu endurvinnslustöðva SORPU þeim að kostnaðarlausu, á kostnað íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Unnið er að söfnun gagna og tillögum um hvernig megi tryggja íbúum á höfuðborgarsvæðinu greiðan, skilvirkan og ódýran aðgang að endurvinnslustöðvunum,

og jafnframt tryggja að rekstraraðilar og íbúar utan höfuðborgarsvæðisins taki eðlilegan þátt í kostnaði við rekstur endurvinnslustöðvanna.

Niðurstöður þessarar vinnu verða kynntar þegar þær liggja fyrir, og munu þær liggja til grundvallar á því hvernig gjaldtöku á endurvinnslustöðvum verður háttað.